

## 69. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 6. maí 2009, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bærarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

1. Atvinnumál
  2. Lárus Jónsson
  3. Námsstefna um jafnréttisstarf í skólum
  4. Bréf frá Vilko ehf. dags. 24. apríl 2009
  5. Bréf frá Vinnumálastofnun dags. 22. apríl 2009
  6. Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins 2009 dags. 14. apríl 2009
  7. Minnisblað frá SSNV-atvinnuþróun dags. 30. apríl 2009
  8. Minnisblað – Samráðs-og hugarflugsfundur á Norðurlandi 1. apríl 2009
  9. Stefna Jónu F. Friðriksdóttur á hendur Blönduósbæ dags. 6. apríl 2009
  10. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

#### 1. Atvinnumál

Bærarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála netþjónabúa á Íslandi.

#### 2. Lárus Jónsson

Lárus Jónsson mætti á fundinn.

Óskar eftir því að Blönduósbær setji upp leiktæki í Brautarhvammi. Jafnframt að Blönduósbær setji upp fleiri rafmagnsstaura fyrir húsbíla/fellihýsi í Brautarhvammi.

Lárus vakti athygli á nýrri lögreglusamþykkt þar sem kveðið er á um að óheimilt er leggja húsbílum/fellihýsum á götum/opnum svæðum innan marka Blönduósbæjar.

Lárus fór yfir málefni Aðalgötu 3b og Aðalgötu 11.

Lárus Jónsson yfirgefur fundinn

#### 3. Námsstefna um jafnréttisstarf í skólum

Þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik-og grunnskólum boðar til námsstefnu þriðjudaginn 26. maí kl. 13:30 í Salnum í Kópavogi.

Erindinu vísað til jafnréttisnefndar og fræðslunefndar.

#### 4. Bréf frá Vilko ehf. dags. 24. apríl 2009

Gerður hefur verið samningur við Auðhumlu um að fyrirtækið kaupi 4.894.806 kr. hlut í Vilko ehf. á genginu 2,2 á hlut. Kaupverð er því 10.768.573 kr. Þess er farið á leit að hluthafar falli frá forkaupsrétti sínum.

Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum.

**5. Bréf frá Vinnumálastofnun dags. 22. apríl 2009**

Vinnumálastofnun hefur samþykkt umsókn Blönduósbæjar um sérstakt átaksverkefni „Átak í umhverfismálum og skógrækt“. Samþykkt voru 20 störf í 3 mánuði hvert.

Lagt fram til kynningar.

**6. Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins 2009 dags. 14. apríl 2009**

Óskað er eftir styrk til reksturs Aflsins – Samtök gegn heimilis- og kynferðisofbeldis á Norðurlandi.

Bæjarráð hafnar styrkveitingunni að þessu sinni.

**7. Minnisblað frá SSNV-atvinnuþróun dags. 30. apríl 2009**

Lagt fram til kynningar.

**8. Minnisblað – Samráðs-og hugarflugsfundur á Norðurlandi 1. apríl 2009**

Samráðs-og hugarflugsfundur var haldinn á Akureyri 1. apríl sl. af samgönguráði. Sem hluti af mótun valkosta, markmiðasetningu og samráði vegna samgönguáætlunar 2011-2022 boðaði samgönguráð til samráðs-og hugarflugsfunda um framtíðarsamgöngur.

Lagt fram til kynningar.

**9. Stefna Jónu F. Friðriksdóttur á hendur Blönduósbæ dags. 6. apríl 2009**

Lagt fram til kynningar.

**10. Önnur mál**

**a) Sláttur á opnum svæðum**

Miðvikudaginn 29. apríl 2009, kl. 11:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi voru opnuð tilboð í slátt á opnum svæðum á Blönduósi.

Júlíus Líndal ehf. var lögstjóðandi.

Bæjarráð felur tæknideild að ganga til samninga við Júlíus Líndal ehf.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:10

Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)  
Kári Kárason (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)